



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2016

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 1104 – 676. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp nýtt greiðsluþáttökukerfi og að ákveðnar verði mánaðarlegar hámarksgreiðslur sjúkratryggðra. Þá er einnig lagt til að tekin verði upp ákveðin þjónustustýring sem miðar að því að heilsugæslan verði að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. MRSÍ telur frumvarpið ágætlega úr garði gert en hefur þó nokkrar athugasemdir.

Fyrst ber að nefna að eins og staðan í Heilsugæslunni er í dag, að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu, þá virðist hún ekki hafa undan þeim mikla fjölda sem leitar til hennar. Lýsir það sér í langri bið eftir viðtali hjá lækni og má ætla að það ástand fari ekki batnandi með hinu nýja tilvísanakerfi. Markmiðið með slíku kerfi er vissulega að létta undir með sérfræðilæknum, þ.e. að með því að þurfa fyrst að fá viðtal hjá heimilislækni megi koma í veg fyrir óþarfa heimsóknir til sérfræðilækna. Til að ná því markmiði verður hins vegar að tryggja að Heilsugæslan sé í stakk búin til að taka við allri þeirri aukningu sem án efa mun fylgja þessu nýja fyrirkomulagi. Það verður að teljast óviðunandi að einstaklingar, sem jafnvel gætu þurft á bráða læknishjálp að halda, þurfi hugsanlega að bíða talsverðan tíma eftir viðtali hjá heimilislækni og þar á eftir jafnvel enn lengur eftir að hitta sérfræðilækni. Hið nýja fyrirkomulag hlýtur að kalla á fjölgun heimilislækna en það gæti reynst erfitt í framkvæmd.

Varðandi fyrirhugaðan gagnagrunn sem geyma á þær upplýsingar sem þarf svo að unnt sé að starfrækja greiðsluþáttökukerfið, bendir MRSÍ á að samkvæmt c.-lið, 8. tl. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eru upplýsingar um heilsuhagi viðkvæmar persónuupplýsingar. Við alla meðferð slíkra persónuupplýsinga ber að fara að lögum, gæta meðalhófs og vernda friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem vinnslan lítur að, enda er friðhelgi einkalífs varin af 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Gera má ráð fyrir að nánast allir Íslendingar verði skráðir í umræddan gagnagrunn og því ber nauðsyn til að tryggja að sem best verði vandað til allra öryggisráðstafana. MRSÍ telur mega taka undir almannaheillasjónarmiðið að baki slíkum gagnagrunni og að hann leiði til aukinnar skilvirkni og gagnsæis en áréttað skal að viðhaft verði strangt eftirlit varðandi aðgengi að gagnagrunninum, hvernig farið verði með þær upplýsingar sem



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Þar skulu skráðar jafnhliða því að tryggja öryggi og áreiðanleika þeirra. Nauðsynlegt er að gæta meðalhófs varðandi aðgengi að upplýsingum og skráningu þeirra og tryggja með virku eftirliti að viðkvæmar persónuupplýsingar verði ekki misnotaðar á nokkurn hátt.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri